

81

3. júní

12. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. september 1912, og kemur í staðinn fyrir reglugjörð um hundalækningar í Rangárvallasýslu frá 12. ágúst 1897.

Þannig samþykkt á aðalfundi sýslunefndarinnar í Rangárvallasýslu 10.—13. apríl 1912.

Skrifstofu Rangárvallasýslu, Efra-Hvoli 3. júní 1912.

Björgvin Vigfússon.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Jóns Sigurgeirssonar frá Bjarnastöðum, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 17. júní 1912.

Skipulagsskráin er þannig:

82
17. júní

Skipulagsskrá

fyrir Minningarsjóð Jóns Sigurgeirssonar frá Bjarnastöðum.

1. gr.

Sjóðurinn heitir »Minningarsjóður Jóns Sigurgeirssonar frá Bjarnastöðum, og er stofnaður af foreldrum hans Sigurgeiri Jónssyni og Þuríði Sigurðardóttur með 700 krónum hinn 17. júní 1911.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er: Að örfa menn og hvetja til nákvæmni, velvildar, góðrar meðferðar og þekkingar á húsdýrum, bæði í orði og verki. Skal það gjört með verðlaunum úr sjóðnum.

3. gr.

Verksvið sjóðsins er fyrst um sinn Skútustaðahreppur, þar til liðin eru 20 ár frá því verðlaun eru veitt í fyrsta sinni úr honum; þá verður starfssvið hans Suður-Þingeyjarsýsla, eins og takmörk hennar nú eru.

4. gr.

82

17. júní

Sjóður þessi skal settur á vöxtu, og varið á þann hátt sem hjer segir: 500 krónum af sjóðnum sje komið á vöxtu sjerstaklega, og leggjast vextirnir árlega við höfuðstólinn, þangað til sá hluti sjóðsins nær 800 krónum.

En hinar 200 kr. af sjóðnum ávaxtast um sinn í öðru lagi, og verður vöxtunum af þeim varið, samkvæmt tilgangi sjóðsins, jafnóðum til verðlauna, uns hinn hluti sjóðsins hefir náð 800 krónum, og rennur þá fjeð alt saman.

Verðlaunum úr sjóðnum verður úthlutað í fyrsta sinni vorið 1912 á hreppaskilapingi í Skútustaðahreppi.

5. gr.

Þegar sjóðurinn í heild sinni nemur 1000 krónum, skal verja 20 kr. af vöxtum til verðlauna samkvæmt 2. gr.

Þá er sjóðurinn er svo vaxinn, að ávextir nema 100 krónum, skal verja hálfum vöxtunum upp frá því til verðlauna, þannig að árleg verðlaun sjeu tvenn — fyrstu og önnur —, og skulu fyrstu verðlaun vera þriðjungi hærri en hin. Þegar vaxtaupphæðin hefir náð 200 krónum, getur sýslunefndin fjölgað verðlaunum að samá skapi; það af vöxtunum, sem eigi gengur til verðlauna, legst við höfuðstólinn.

6. gr.

Fjelagið »Mývetningur« hefir fyrst um sinn umsjón og stjórn sjóðsins á hendi. Skal hann ávaxtast í opinberum sjóði, eða trygður góðu fasteignarveði. Leysist nefnt fjelag upp, tekur sveitarstjórn Skútustaðahrepps við stjórn sjóðsins. En þegar starfssvið sjóðsins nær yfir alt hjeraðið, tekur sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu við stjórn hans. Sjóðstjórnin hefir á hendi fjárreiður sjóðsins og reikningsfærslu, og gerir árleg reikningsskil. Hver ársreikningur skal lagður jafn-skjótt fyrir sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu, til athugunar og samþykkis á næsta fundi á eftir.

7. gr.

Dómendur um verðleika til verðlaunanna skulu vera þrír. Eru þeir, fyrst um sinn, hinir kjörnu skoðunarmenn í Skútustaðahreppi, og einn valinn maður úr Mývetningafjelaginu. Verði með lögum breytt til svo, að hinir tveir kjörnu skoðunarmenn hætti starfi, skulu hreppsmenn kjósa tvo menn á vorhreppamóti ár hvert til þess að gegna starfi þeirra og með fullu tilliti til þess, að þeir sjeu starfinu vaxnir. Leysist fjelagið upp, kýs hreppsnefnd Skútustaðahrepps þriðja manninn.

Þegar alt hjeraðið er orðið starfssvið sjóðsins, sbr. 5. gr., kýs sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu tvo hjeraðsbúa í dómnefndina, þá er hún telur hæfasta til starfsins, en stjórn Mývetningsfjelagsins, eða að því liðnu sveitarstjórn Skútustaðahrepps, einn.

8. gr.

Sá, er öðlast vill verðlaun úr sjóðnum, skal senda stjórn sjóðsins skriflega umsókn, og skulu umsóknirnar vera komnar í hendur hennar fyrir sumarmál ár hvert. Þegar stafrvið sjóðsins nær til alls hjeradsins, getur sýslunefndin krafist meðmæla frá tveimur valinkunnum mönnum úr þeim hreppi, er umsækjandi á heima í. Enda sjeu þeir kunnugir honum.

9. gr.

Komi eigi fram umsókn um verðlaun úr sjóðnum, og þyki dómnefndinni umsækjendur eigi hafa unnið til verðlauna í eitthvert sinn, má geyma helming verðlaunafjárins til næsta árs, en hinn hlutinn leggist við höfuðstólinn. Þó getur stjórn sjóðsins ákvarðað að verðlaun skuli veitt úr sjóðnum, eftir tillögum dómnefndarinnar, meðan sjóðurinn er starfandi í Skútustaðahreppi, og hinir kjörnu skoðunarmenn skipa dómnefndina.

10. gr.

Nú virðist stjórn sjóðsins, þegar tímar líða fram og sjóðurinn er vaxin mjög, að tilganginum samkvæmt 2. gr. verði eigi náð með verðlaunaveitingum eingöngu, eða á þann hátt, sem hjer er fyrir mælt, er henni þá heimilt að breyta skipulagsskrá þessari, en þó á þann hátt, að sem allra næst fari tilgangi stofnendanna.

11. gr.

Eftir að fjelagið Mývetningur, hreppsnefnd Skútustaðahrepps og sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu hafa tekið að sjer umsjón þá og stjórn, sem falin er þeim á hendur með skipulagsskrá þessari, beiðast stofnendur sjóðsins og semjendur framanritaðra greina staðfestingar konungs á henni.

Sveinsströnd, 16. júní 1911.

Sigurgeir Jónsson.

Þuríður Sigurðardóttir.

(Handsöluð nöfn).